



Starfsáætlun 2023-2024

Lind - Akurskóli



Starfsáætlun 2023-2024

Lind - Akurskóli

Reykjanesbær, 6. nóvember 2023

Inngangur

Lind er sértækt námsúrræði í Akurskóla fyrir nemendur Reykjanesbæjar. Lindin var stofnuð haustið 2021 og stefnt er að stækkun hennar smátt og smátt næstu árin þannig að hún þjóni 10-12 nemendum á hverjum tíma. Lindin var formlega vígð 9. nóvember 2023.

Lindin er hluti af Akurskóla og byggir á gildum og stefnu hans.

Gildi Akurskóla eru Virðing – Gleði – Velgengni.



Efnisyfirlit

| | | |
|-----|----------------------------------|---|
| 1 | Kennslufræðileg sýn | 5 |
| 2 | Starfsfólk..... | 5 |
| 2.1 | Starfsmannalisti | 5 |
| 3 | Skipulag | 6 |
| 3.1 | Nemendafjöldi | 6 |
| 3.2 | Skipulag skóladagsins..... | 6 |
| 3.3 | Tilhögun kennslu..... | 6 |
| 4 | Hagnýtt..... | 7 |
| 4.1 | Inntökuskilyrði í deildina | 7 |
| 4.2 | Samstarf og teymisfundir..... | 7 |
| 4.3 | Húsnæði..... | 7 |
| 4.4 | Akurskjól..... | 7 |
| 4.5 | Akstur | 8 |

1 Kennslufræðileg sýn

Kennslufyrirkomulag í Lind er miðað við TEACCH líkanið og þjálfun fer fram með atferlismótun að hluta. Kennsla í deildinni er að öðru leyti byggð á aðalnámskrá grunnskóla. Unnið er í styttri námslotum og notast við umbunarkerfi. Í deildinni er lögð áhersla á að nemendur nái færni í stærðfræði og íslensku og geti bjargað sér í daglegu lífi. Nemendur deildarinnar tilheyra allir ákveðnum umsjónarbekk og sækja kennslustundir og frímínútur með sínum jafnöldrum eftir því sem við verður komið og njóta þá aðstoðar stuðningsfulltrúa. Nemendur fá einnig viðbótartíma í íþróttum og sundi þegar hægt verður að koma því við. Markmið deildarinnar er að hafa jákvæð áhrif á horfur barns og fjölskyldu og að efla lífsgæði barnsins. Hópurinn sem stundar nám í Lind er fjölbreytilegur og þjónustan þarf að taka mið af hverju barni fyrir sig og fjölskyldu þess.

2 Starfsfólk

Deildin er skipulags- og stjórnunarlegur hluti Akurskóla, undir stjórn skólastjóra. Dagleg umsjón er í höndum deildarstjóra námsúrræðisins. Við deildina starfa deildarstjóri, kennari, þroskaþjálfi, iðjubjálfi og skólaliðar/stuðningsfulltrúar.

2.1 Starfsmannalisti

| Nafn | Starfsheiti | Netfang |
|---------------------------------|---------------|---|
| Aníta Ósk B. Kristjánasdóttir | Kennari | anita.o.bergmann@akurskoli.is |
| Arnar Smárason | Deildarstjóri | arnar.f.smarason@akurskoli.is |
| Berglind Daðadóttir | Kennari | berglind.dadadottir@akurskoli.is |
| Birgir Már Hallvarðsson | Skólaliði | birgir.m.hallvardsson@akurskoli.is |
| Elías Bjarki Pálsson | Skólaliði | elias.b.palsson@akurskoli.is |
| Halldóra Steina B Garðarsdóttir | Þroskaþjálfi | halldora.s.b.gardarsdottir@akurskoli.is |
| Hanna Birna Valdimarsdóttir | Iðjubjálfi | hanna.b.valdimarsdottir@akurskoli.is |
| Jenný Halldórsdóttir | Kennari | jenny.halldorsdottir@akurskoli.is |
| Rakel Birna Björnsdóttir | Skólaliði | rakel.b.bjornsdottir@akurskoli.is |
| Sindri Snær Hleiðarsson | Skólaliði | sindri.s.hleidarsson@akurskoli.is |
| Þorbjörg Brynja Jónsdóttir | Skólaliði | thorbjorg.b.jonsdottir@akurskoli.is |

3 Skipulag

3.1 Nemendafjöldi

Í Lind eru átta nemendur. Einn nemandi í 10. bekk, fjórir nemendur í 9. bekk, einn í 4. bekk og tveir í 3. bekk. Áætlað er að Lindin stækki á næstu árum þannig að 10 – 12 nemendur stundi nám í Lind á hverjum tíma.

3.2 Skipulag skóladagsins

Í Akurskóla hefst kennsla klukkan 8:20 og lýkur klukkan 14:40. Hjá nemendum í 7.-10. bekk hefst kennsla kl. 8:30 flesta daga.

Skóladegi nemenda í 1. – 4. bekk lýkur kl. 13.20.

Skóladegi nemenda í 5. – 6. bekk lýkur kl. 14.00.

Skóladegi nemenda í 7. – 10. bekk lýkur á misjöfnum tíma vegna valgreina og íþróttar- og sundtíma.

Nemendur 1. – 6. bekkjar borða nesti og fara í frímínútur á bilinu 9.00-10.00. Eftir nesti fara nemendur í útiveru. Nemendur í 7. bekk fara í nesti og útiveru á bilinu 9:30-10.00 en það er misjafnt eftir dögum. Nemendur í 8.-10. bekk fara í nesti 9.30 – 9.50.

Hádegishlé hjá 1. – 4. bekk er kl. 11.15 – 11.40 og fara nemendur í frímínútur til kl. 12.00.

Nemendur í 5. og 6. bekk fara í hádegishlé kl. 12.00 – 12.20 og í frímínútur til kl. 12.40.

Nemendur í 7. – 10. bekk fara í mat kl. 11.50 til 12.20. Starfsfólk Lindar sinnir gæslu í frímínútum.

Nemendur í 5. – 7. bekk fara í útiveru eftir að þeir hafa lokið við að borða.

Hádegishlé er hluti af skóladegi nemenda og er þeim skyld að dvelja í skólanum á þeim tíma.

Nemendum er með öllu óheimilt að fara út af skólalóðinni á skólatíma. Ef foreldrar vilja fá börn sín í 8. – 10. bekk heim í hádeginu skulu þeir skila inn skriflegri umsókn sem hægt er að nálgast á heimasíðu skólans og/eða hjá ritara.

3.3 Tilhögun kennslu

Undirbúnin gur kennslu er í höndum kennara og kennsla námsgreina fer ýmist fram með öllum hópnum eða á einstaklingsgrunni. Komið er til móts við nemendur Lindar á forsendum einstaklingsmiðað náms en ekki skólans eða námsefnis. Í kennslu er unnið eftir TEACCH þar sem tekið er tillit til námslegrar getu hvers og eins. TEACCH er sjónrænt og sýnir greinilegt upphaf og endi. Gott skipulag eykur öryggi og sjálfstraust nemanda.

4 Hagnýtt

4.1 Inntökuskilyrði í deildina

Til að barn fái inngöngu í Lindina þarf að liggja fyrir formleg umsókn foreldra um skólavist í sértaðku námsúrræði hjá Reykjaneshús sem fram kemur rökstuðningur. Einnig þarf að fylgja með umsókninni staðfesting frumgreiningar frá þriðja stigs greiningaraðila sem felur í sér að barnið sé með alvarlega hamlandi einhverfurófs einkenni. Umsókn skal berast til Fræðsluskrifstofu Reykjanesháss. Sérstakt inntökuteymi fjallar síðan um umsóknina og tekur ákvörðun um inntöku á sérstökum fundi. Á þann fund mætir jafnframt fulltrúi frá þeim skóla eða leikskóla sem barnið hefur verið í með þau greiningargögn sem eru til staðar. Inntökuteymið ákveður síðan hvar hægt er að bjóða viðkomandi nemanda pláss og er þá litið til allra deilda Reykjanesháss, Aspar, Eikar og Lindar og hvað myndi henta barninu best.

4.2 Samstarf og teymisfundir

Foreldraviðtöl eru að hausti og þá er lögð fram einstaklingsnámskrá nemandans. Foreldrar fá þá tækifæri til að ákveða í samvinnu við kennara ef það er eitthvað sérstakt sem þeir vilja að skólinn leggi áherslu á. Aðrir foreldrafundir eru á sama tíma og foreldrafundir Akurskóla. Foreldrar geta einnig óskað eftir fleiri fundum við kennara nemandans ef þörf er á. Auk þess eru haldnir teymisfundir fyrir einstaka nemendur þar sem hinir ýmsu sérfræðingar, sem koma að málefni nemandans, hittast og ræða saman. Foreldrar eru virtir sem samstarfsaðilar og tillit tekið til mismunandi aðstæðna þeirra. Samskiptabók, tölvusamskipti, símtöl og smáskilaboð eru notuð til að auðvelda upplýsingaflæði á milli heimilis og skóla. Foreldrar ráða miklu um með hvaða hætti samskiptin fara fram.

4.3 Húsnæði

Lindin hefur til umráða þrjár kennslustofur í Akurskóla. Nemendur hafa mikið um það að segja hvernig þeir vilja hafa sinn stað í rýminu og velja að hafa bás eða borð og flestir fá einnig mjúkan stól eða grjónapung til afnota. Þá er í boði að nýta körfustól sem er inni í rýminu.

4.4 Akurskjól

Frístdundaheimilið Akurskjól stendur til boða nemendum í 1. – 4. bekk frá því að skóla lýkur til 16:15. Foreldrar sækja um vistun í Akurskjól á íbúavefnum Mitt Reykjaness.

4.5 Akstur

Ferðaþjónusta er fyrir þá íbúa í Reykjanesbæ 18 ára og eldri og nemendur í grunn- og framhaldsskóla á skólatíma, sem heyra undir lög um málefni fatlaðs fólks nr.59/1992 með síðari breytingum. Skilyrði fyrir ferðaþjónustu er að einstaklingur geti ekki nýtt sér almenningssamgöngur sökum fötlunar, ráði hvorki yfir né geti notað bifreið og hafa ekki annan aðgang að faratæki.

Foreldrar sjá um að ganga frá þöntun á ferðaþjónustu.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYtileikans